## HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

# S T A R F S L E Y F I

## til að starfrækja þorskeldi í kvíum í Stöðvarfirði

Starfsstöð: Nafn Þorskeldi ehf kt. 451103-3420
Hömrum 12, 765 Djúpivogur

Rekstaraðili: Elís Grétarsson
Hömrum 12, 765 Djúpivogur
kt. **210676-5709**

Útgáfudagur leyfis: 10. febrúar 2007 Gildir til: 9. febrúar 2019

Um er að ræða leyfi fyrir kvíaeldi á þorski, allt að 199 tonnum.

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br. og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun m.s.br. Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum samkvæmt

**Farið skal eftir starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi í sjó og auglýsingu Umhverfisráðuneytis yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegri starfsleyfisgerðar frá 4. ágúst 2000.**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Að jafnaði skal endurskoða starfsleyfi á fjögurra ára fresti, sbr. reglug. 785/1999.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt skv. ákvæðum ofangreindra laga, þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. heilbrigðisnefndar,

Hákon Hansson
heilbrigðisfulltrúi

HAUST Heilbrigðiseftirlit Austurlands
s. 475 6648,  netfang: hih@eldhorn.is

20.2. 2007

**Elís Grétarsson**
**Hömrum 12**
**765 Djúpivogur**

**Varðar starfsleyfi fyrir Þorskeldi ehf**

Með bréfi þessu fylgir starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands sem sótt var um í byrjun febrúar sl.

Í samræmi við gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Austurlands nr. 997/2006 flokkast fyrirtækið sem "land- og kvíaeldi"  (ÍSAT nr. 05.02.2.0) og árlegt eftirlitsgjald er skv. því kr.  19.380,-.  Innifalið í gjaldinu er eftirlit heilbrigðisfulltrúa annað hvert ár.

Starfsleyfisgjald er skv. sömu gjaldskrá er kr. 7.900,- miðað við nýtt leyfi  auk eftirlitsgjalds og sýnatökukostnaðar ef við á.

Reikningur í samræmi við það verður sendur.

**Ef aths. eða fyrirspurnir vakna vegna starfsleyfis, fylgigagna eða þessa bréfs, sem og ef fyrirtækið hefur ástæðu til að neyta andmælaréttar skv. stjórnsýslulögum 37/1993 skal það gert skriflega innan 10 daga frá dagsetningu þessa bréfs.**

Virðingarfyllst,

Hákon Hansson
heilbrigðisfulltrúi